

**Sp.**

**749. Þingsályktun**

**[168. mál]**

um aukna landhelgisgæzlu og aðstoð til fiskibáta.

(Afgreidd frá Sp. 28. febr.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að landhelgisgæzlu og aðstoð við fiskibáta verði hagað þannig, að veiðisvæði, sem mjög mikil þörf er á að vernda, svo sem svæðin umhverfis Snæfellsnes og á Breiðafirði, fái nauðsynlega gæzlu. Skal fyrst og fremst lögð áhersla á að framkvæma þetta með þeim skipastóli, sem nú starfar við landhelgisgæzluna, en takist það ekki, verði skip leigt, eftir því sem þörf er á.